



Tilmæli 29/2013

Fyrri númer:
B 291/näring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00289-12

Norræn samstarfsáætlun um stefnu í nýsköpun og atvinnulífi 2014-2017

Með tilvísun til 45. og 56. greinar Helsingforssamningsins hefur Norðurlandaráð þann 31. október 2013 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu efnahags- og viðskiptanefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að kortleggja hvort í löndunum séu regluverk sem óviljandi torveldi sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum að koma undir sig fótunum, stunda viðskipti eða ráða starfsfólk þvert á norræn landamæri;

að kanna hvort reglur í löndunum eða innan einstakra atvinnugreina torveldi netverslun yfir landamæri á Norðurlöndum;

að finna lausnir varðandi rafræn skilríki sem uppfylla öryggisþarfir allra Norðurlanda en greiða jafnframt fyrir sameiginlegum stafrænum markaði á Norðurlöndum;

að vinna gegn því að nýir byggingastaðlar verði til í hverju landi, en vinna þess í stað að því að nýir byggingastaðlar verði sameiginlegir fyrir öll Norðurlönd og verði þegar fram í sækir samevrópskir;

að hefja forvikar aðgerðir til að styðja við áhuga tískugeirans á að markaðssetja norræna tísku á grundvelli vistvænnar sjálfbærni og samfélagsábyrgðar;

að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að koma undir sig fótunum, stunda viðskipti og ráða starfsfólk þvert á landamæri á Norðurlöndum með því að taka saman hagnýtar upplýsingar á stóru norrænu tungumálunum á einum stað;

að hrinda samstarfsáætluninni í framkvæmd með hliðsjón af ofangreindu;

að laga fundardaga ráðherranefndarinnar í framtíðinni að þeim málum sem á að leggja fyrir Norðurlandaráð á þinginu.

Osló, 31. október 2013

Marit Nybakk

Forseti Norðurlandaráðs

Jan-Erik Enestam

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 29/2013

Fyrri númer:
B 291/näring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00289-12